

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Signý Sæmundsdóttir  
Hlíf Sigurjónsdóttir  
Nora Kornblueh  
Þóra Fríða Sæmundsdóttir



14. ágúst 1990  
kl. 20:30

**Signý Sæmundsdóttir** söngkona stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík og fór eftir það utan og lauk einsöngvaraprófi frá Tónlistarháskólanum í Vínarborg árið 1988. Hún hefur meðal annars tekið þátt í óperuflutningi bæði hérlendis og erlendis og einnig tekið þátt í fjölbreyttu tónleikahaldi, meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands á síðasta ári.

**Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðluleikara þarf vart að kynna fyrir íslenskum tónleikagestum. Að loknu framhaldsnámi í Bandaríkjunum og Kanada hefur hún starfað víða, meðal annars í Pýskalandi og Sviss. Undanfarin ár hefur hún verið búsett í Reykjavík og tekið virkan þátt í margs konar tónlistarflutningi auk þess sem hún kennir fiðluleik við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar.

**Nóra Kornblueh** sellóleikari er fædd í Huntington í New York ríki. Hún stundaði framhaldsnám í sellóleik hjá Georg Neikrug við Boston University og lauk þaðan B. A. prófi. Hingað til lands fluttist hún árið 1980 og hefur síðan leikið á fjölmörgum kammermúsíktónleikum, hérlendis og erlendis. Starfar nú í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

**Póra Fríða Sæmundsdóttir** lauk námi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1978 og stundaði síðan framhaldsnám í Freiburg og Stuttgart. Frá árinu 1984 hefur hún starfað sem píanóleikari og kennari í Reykjavík og tekið þátt í ýmiss konar tónlistarflutningi. Póra Fríða er félagi í Íslensku hljómsveitinni.

## Efnisskrá

- |                                   |   |
|-----------------------------------|---|
| G. F. Händel<br>(1685 - 1759)     | <i>Meine Seele</i><br>Pýsk konsertaría nr. 6  |
| J. S. Bach<br>(1685 - 1750)       | <i>Laudamus te</i><br>Aría úr messu í h-moll  |
| G. F. Händel                      | <i>Aría Kleópötru</i> úr óperunni<br>Júlíus Cesar   |
| J. S. Bach                        | <i>Sarabande</i> úr Svítu nr. 2 í d-moll fyrir<br>einleiksselló   |
| W. A. Mozart<br>(1756 - 1791)     | <i>Vado ma dove?</i> konsertaría K.V 583  |
| Vaughan Williams<br>(1872 - 1958) | Prír söngvar úr <i>Along the Field</i> við ljóð<br>úr ljóðasafni A. E. Housman:<br>1. We'll to the woods no more<br>7. Fancy's knell<br>8. With rue my heart is Laden |
| Grazyna Bacewicz<br>(1913 - 1969) | <i>Pólsk kaprísa</i> fyrir einleiksfiðlu (1949)   |
| J. Brahms<br>(1833 - 1897)        | <i>Geistliches Wiegenlied</i> (Rückert)<br><i>Ach, wende diesen Blick</i> (Daumer)<br><i>Dein blaues Auge</i> (K. Groth)  |